

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**717. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 17. október 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Sorphirða og endurvinnsla í Húnaþingi vestra.
2. Áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga á stjórnsýslu sveitarfélaga.
3. Rjúpnaveiði haustið 2011.

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar og umhverfisstjóri eru mætt til fundar við byggðarráð um stöðu sorphirðumála í sveitarfélaginu. Farið var yfir tölulegar upplýsingar um sorphirðu og endurvinnslu í Húnaþingi vestra 2008-2011. Fyrir liggur að þjónustusamningur við HH-gámaþjónustu ehf. rennur út um komandi áramót. Byggðarráð samþykkir að fela tæknideild sveitarfélagsins að undirbúa útboð á sorphirðu í Húnaþingi vestra. Miðað verði við að nýr verktakasamningur taki gildi 1. apríl nk. Sveitarstjóra falið að leita eftir samkomulagi við núverandi verktaka um sorphirðu þar til nýr verktakasamningur tekur gildi.
2. Fram lagt minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem gerð er grein fyrir áhrifum nýrra sveitarstjórnarlaga á stjórnsýslu sveitarfélaga. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra verði tekin til endurskoðunar á næsta ári.
3. Lögð fram drög að reglum um rjúpnaveiði haustið 2011. Reglurnar samþykktar samhljóða. Sveitarstjóra falið að auglýsa samþykktar reglur.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.15:47

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Ragnar S. Helgason.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

---

Elín Jóna Rósinberg.